

Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR – 19. mars 2003

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd miðvikudaginn 19. mars 2003 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Erindi skipulags- og byggingarfulltrúa, breyting á deiliskipulagi í Arnargerði, færsla á skeiðvelli.
2. Umferðaröryggismál.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Breyting á dagskrá, fyrst tekinn fyrir 2. liður.

2. Kristján Þorbjörnsson mætti á fundinn með upplýsingar um umferðarmál. Rætt um fyrri samþykktir og ályktanir um umferðarmál í bænum. Rolf biður Kristján um samantekt um umferðaröryggismál sem hann gerði. Dreift var blaði um samþykktir til úrbóta á umferð um og að skólalóð Grunnskólans á Blönduósi. Áætlað að halda sér fund um þetta efni. Almenn umræða um hraðakstur í bænum og tillögur um hraðahindranir.
1. Hestamannafélagið Neisti óskar eftir því við bæjarstjórn Blönduóssbæjar að skipulagsvinnu varðandi skeiðvöll í Arnargerði verði flýtt eins og kostur er svo framkvæmdir geti hafist nú á vordögum. SB felur byggingarfulltrúa að ganga frá breytingu á deiliskipulagi Arnargerðis í samráði við skipulagshönnuð Árna Ragnarsson arkitekt.
3. a) Erindi frá Sparisjóð Húnaþings og Stranda um að fjarlægja timburskýli sem stendur við Efstubraut 2. Erindið samþykkt.
b) Trésmiðjan Stígandi ehf. sendir inn umsókn um stöðuleyfi fyrir vörugám og stækkun verkstæðis til vesturs. Nefndin samþykkir stöðuleyfi fyrir vörugám samkvæmt meðfylgjandi uppdraetti, en varðandi viðbyggingu óskar SB eftir frekari útfærslu og lítur jákvætt á málið.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19,30.

Guðmundur Ingbórsson
Þórdís Erla Björnsdóttir
Rolf Árnason
Bragi Árnason

Jakob Þór Guðmundsson
Hólmsfríður Jónsdóttir
Jón Sigurðsson